



# SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

## 3.skólaráðsfundur 12.1 2023 kl 15:00 – 16:00

**Fundarstjóri og ritari:** Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri

**Mættir:** Borghildur Sverrisdóttir, Hólmfríður Þórisdóttir, Jónína Dögg Loftsdóttir, Valgerður Ósk Hjaltadóttir, Brynja Björg Jóhannsdóttir og Haukur Freyr Ólafsson.

1. Kynning á niðurstöðum úr lesskimunarprófi hjá 1.bekk sem lögð er fyrir alla nemendur í október. Hafnarfjarðarbær útbýr samantekt og sendir á skólana. Þegar niðurstöður liggja fyrir fundar talmeinafræðingur með umsjónarkennurum, sérkennara og deildarstjóra þar sem farið er yfir niðurstöður og aðgerðaráætlun unnin. Námsþópum er breytt til að koma sem best til móts við nemendur á því sviði sem þörf er á. Foreldrar fá sendar upplýsingar um niðurstöður hjá sínu barni og þau börn sem þurfa á greiningu á málþroska út frá niðurstöðum eru send í málþroskamát hjá talmeinafræðingi en það er alltaf gert í samráði við foreldra.
2. Kynning á samantekt af lýðræðisfundum með nemendum sem haldnir voru í desember, farið var yfir tilgang þessara funda og sagt frá helstu niðurstöðum. Niðurstöður verða svo flokkaðar nánar og kynntar fyrir nemendum, þar sem fram kemur við hverju er hægt að verða, hvað er möguleiki að verða við síðar og hvað er óraunhæft. Niðurstöður verða kynntar áður en farið er af stað í næstu umferð.
3. Kynning á niðurstöðum úr Skólaláttunum hjá 2. – 5.bekk en það kom fram að árgangar koma misvel út úr könnunni, yngri árgangar koma verr út en þeir eldri. Þá kom frá athugasemd um fyrirlögn sem skoðuð verður áður en þetta verður lagt aftur fyrir. Fundað verður með þeim árgöngum sem komu ekki nógu vel út og útbúin aðgerðaráætlun.
4. Upplýsingar um Ípadmálin í skólanum. Nemendur og starfsfólk allra grunnskóla í Hafnarfirði urðu að skila inn öllum ípöðum fyrir jólin því það þarf að uppfæra og skipta um kerfi á þeim öllum. Þá rann samningur sem bærinn hafði við eitthvert ákveðið fyrirtæki út og þeir sömdu við annað fyrirtæki. Það er mjög bagalegt fyrir skólastarfið að tækið sé tekið í svona langan tíma því allar kennsluáætlanir gerðu ráð fyrir að nemendur hefðu aðgang að tæki og margar kennslubækur eru í ípöðum. Þá eru nokkrir nemendur af erlendum uppruna sem tala hvorki íslensku né ensku og reiða sig á samskipti í gegnum ípad.
5. Fræðsla fyrir foreldra um kynferðisofbeldi gegn börn. Skólinn býður upp á fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra 19.janúar kl 19:30 í fyrirlestrarsal skólans. Þá var minnst á mikilvægi þess að senda póst á foreldra næsta mánudag og minna á fræðsluna. Einnig kom fram sú hugmynd um að setja auglýsingu inn á vellirnin mínir og Skarðshlíðin mín.

6. Opinn skólaráðsfundur – í reglugerð um skólaráð er gert ráð fyrir að einu sinni á ári eigi að vera opinn skólaráðsfundur fyrir foreldra. Ákveðið var að tengja hann við aðalfund foreldrafélagsins sem er einu sinni á ári og þá sé opið fyrir umræður við skólastjóra og aðila í skólaráði.
7. Önnur mál
  - a. Foreldráð Hafnarfjarðar – nú borga öll foreldrafélög í foreldraráðið og það heldur utan um fræðslu fyrir alla skólana í Hafnarfirði. Þá er fjölbreyttari fræðsla í boði fyrir alla.

Fundi slitið 15:50